



Bókmenntaverkefnið **Skáld í skólum** hóf göngu sína haustið 2006. Er skemmst frá því að segja að grunnskólar landsins hafa tekið framtakinu fagnandi og eftirspurn farið vaxandi með hverju árinu. Frá upphafi hefur ólíkum höfundum verið stefnt saman og þeir undirbúið dagskrár sínar með ákveðna aldurshópa í huga. Fljótlega sýndi sig að haustannir henta mun betur en vorannir þegar höfundaheimsóknir eru skipulagðar

og því hefur verið horfið frá því að láta verkefnið teygja sig fram eftir vetri. Á fimm árum hafa verið kynntar nær þrjátíu mismunandi dagskrár undir merkjum verkefnisins og grunnskólarnir sem hafa notið þeirra eru á annað hundrað talsins.

Ennfremur er vert að minna á að margir höfundar bjóða upp skemmtilegar skóládagskrár, þar sem þeir fjalla um verk sín og ræða við nemendur um bókmenntir. Höfundamiðstöðin hefur milligöngu um að bóka slíkar heimsóknir og veitir líka aðstoð ef skólar, fyrirtæki eða stofnanir vilja standa fyrir ritlistarnámskeiðum, ráðstefnum eða öðrum viðburðum sem rithöfundar koma að.

**Tímabil á haustönn:**  
**24. október - 18. nóvember 2011**






**Frestur til að panta dagskrár er til**  
**7. október 2011**

**Verð miðast við fjölda áhorfenda**  
**200 krónur á hvern nemanda**  
**en lágmarksgreiðsla er þó kr. 20.000,-**

**Upplýsingar í síma 568 3190**  
**rsi@rsi.is**  
**www.rsi.is/hofundamidstod**

Höfundamiðstöð og Skáld í skólum njóta stuðnings menntamálaráðuneytisins og Barnavinafélagsins Sumargjafar.

# skáld í skólum



2011



**Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglina**  
**Haust 2011**

Höfundamiðstöð RSI

# sigildar dagskrár

## Með hugann fullan af hetjudraumum

Ljóðskáldið **Aðalsteinn Ásberg** og söngvaskáldið **Svavar Knútur** flytja brot úr verkum **Steins Steinarrs** og segja frá lífi og list byltingarskáldsins, sem varð með tíð og tíma þjóðareign. Ferill Steins er rakinn í ljóðum og söngvum, enda hafa mörg tónskáld sótt innblástur í verk hans. Ádeila, heimspeki, ást og nútími eru stikkorð sem vísa á skáldið sem átti stærstan þátt í formbyltingu ljóðsins á Íslandi.

Hentar vel fyrir **alla aldurshópa**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



## Harði, stóri heimur! Hvað viltu mér?

Skáldið **Jóhannes úr Kötlum** (1899-1972) var eitt atkvæðamesta ljóðskáld okkar Íslendinga á öldinni sem leið og hafði oft sterk áhrif á samferðamenn sína. Í skemmtilegri dagskrá í tali og tónum flytja **Steinunn Jóhannesdóttir** rithöfundur og **Valgeir Guðjónsson** tónlistarmaður nokkur af kynngimögnum ljóðum skáldsins, en þau urðu þeim báðum innblástur.

Steinunn og Valgeir fylgja þróun skáldsins frá fyrstu ljóðabókinni, *Bíbi og blaka*, til ljóðbrots úr seinustu bókinni, *Ný og nið*. Markmiðið er að bregða upp myndum af erindi Jóhannesar úr Kötlum við hinn *Harða stóra heim*. Stundum var erindið að mýkja hann, stundum að bjóða honum birginn. Jóhannes orti flestum skáldum fleiri ljóð fyrir börn og minnt verður á hans þekktustu og víðlesnunstu bók *Jólin koma*, en að öðru leyti er dagskráin miðuð við stálpuð börn og unglunga.

Dagskráin hentar best **5. – 10. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa. S



## Stjörnuglópur með staf

Fáir íslenskir höfundar hafa fjallað með jafn skemmtilegum hætti um heim bernskunnar og **Pórbergur Þórðarson**. Eins eru frásagnir hans af því þegar ástin grípur unglungana ógleymanlegar. Höfundarnir **Pétur Gunnarsson** og **Jón Hjartarson** bregða á leik og lýsa stillbrögðum og sérkennum Þórbergs, en Jón hefur margoft túlkað skáldið á sviði á meistaralegan hátt og Pétur skrifaði ævisögu PP.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



## Kjarkur og kraftafólk

**Margrét Örnólfsdóttir** og **Kristín Helga Gunnarsdóttir** elta sögupersónur sínar til Kína, upp á öræfin og inn í hulduheima. Veganestið er hugrekki og vinátta.

*Búið til í Kína – Made in China*: Hvað eiga sonur ríkasta manns Íslandssögunnar og stelpa í þrælavinnu í leikfangaverksmiðju í Kína sameiginlegt? Við fyrstu sýn virðist það kannski harla fátt, en þegar Ari fær í hendur leikfang sem Jinghua setti saman með eigin höndum hafa örlögin fléttað sögur þeirra saman.



*Ríólítreglan*: Starfsmaður félagsmiðstöðvar hverfur sporlaust. Félagar ríólítreglunnar þurfa að standa saman andspænis ógnarkröftum hulduheima.

Háskalegur huldutryllir æðir niður til Kólumbíu, vestur á firði, í úthverfin og ekki sist upp Jökulgil þar sem hulduverur standa vörð um dýrðina og kalla menn í björgin.

Margrét Örnólfsdóttir hefur skrifað barnabækur, sjónvarpsefni og kvikmyndahandrit, en var að auki á sínum tíma í hljómsveitinni Sykurmolunum. Kristín Helga er löngu landsþekkt fyrir bækur sínar, ekki sist hinar sívinsælu sögur um Fíusól.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

## Með nesti og nýja skó

Mæðgurnar, **Ragnheiður Gestsdóttir**, rithöfundur, og **Kolbrún Anna Björnsdóttir**, leikkona, hafa báðar mikið dálæti á gömlu íslensku ævintýrunum og hafa oft sótt innblástur í þau. Verk Ragnheiðar, sem mörg hver tengjast ævintýrum, verða kynnt í máli og myndum. Þær Ragnheiður og Kolbrún munu svo leiða samtal með virkri þátttöku barnanna um ævintýrin, einkenni þeirra og þau gildi sem þar ráða för, svo sem hugrekki, hjálpssemi og samvinnu. Þær segja söguna af *Velvakanda og bræðrum hans* og leitast við að tengja hana aðstæðum og hugmyndum sem börnin þekkja.

Ragnheiður Gestsdóttir hefur sent frá sér fjölda verka í máli og myndum sem spanna allt frá fyrstu sporum barnsins inn í ævintýraheim bókmenntanna með vísun, söngvum og litlum ævintýrum, alla leið til unglingsáranna með tilheyrandi vandamálum, þroska og uppgötvunar á hlutverki einstaklingsins í lífinu. Kolbrún Anna er sjálfstætt starfandi leikari, kennari og höfundur.

Dagskráin hentar best **1. – 4. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



## Flæði yfir landamæri ljóðsins

Þrátt fyrir nokkurn aldursmun á ljóðskáldunum **Antoni Helga Jónssyni** og **Kristínu Svövu Tómasdóttur** brenna sömu spurningarnar á þeim: Hvernig verða ljóð til? Hvar liggja landamæri ljóðsins? Liggja þau einhvers staðar? Skáldin tvö vinna ljóð sín úr margvíslegu efni. Líflægur flutningur ljóða er sameiginlegt áhugamál þeirra og þau hvetja nemendur til að skoða ljóð, yrkja ljóð, flytja hljóð og hljóða ljóð. Einnig kallast þau á við önnur skáld, nota stundum klassísk stillbrögð og stundum ekki, en umfram allt vilja þau láta textann flæða og taka skáldskapinn ekki of alvarlega.

Kristín Svava hefur sent frá sér tvær ljóðabækur, *Blótgælur* árið 2007 og *Skrælingjasýninguna* árið 2011. Anton Helgi hefur verið lengur að og vakti fyrst athygli fyrir *Dropi úr síðustu skúr* 1979, en bókinn *Tannbursti skíðafélagsins og fleiri ljóð* er væntanleg haustið 2011.

Dagskráin hentar best **8. – 10. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



# nýjar dagskrár

